

Sveitarfélagið Hornafjörður
b.t. fulltrúa bæjarstjórnar
Hafnarbraut 27
780 Hornafirði

Hornafirði, í nóvember 2024.

Efni: Forgangsröðun íþróttamannvirkja (málefnið er mér hugleikið)

Í ljósi þeirrar umræðu og hugmynda sem eru uppi um uppbyggingu íþróttastöðu í sveitarfélaginu þá leyfi ég mér að senda bæjarfulltrúum hugleiðingar mínar af þessu tilefni.

Fyrst og fremst gleðst ég yfir og tek heilshugar fagnandi öllum hugmyndum um bættu aðstöðu til íþróttastarfs sem stuðlar að heilsueflingu allra aldurshópa. Ég hef í gegnum tíðina verið mikill áhugamaður um íþróttir og uppeldismál barna og ungmenna og hef af þeirri ástæðu áhuga á að fylgjast með umræðu um byggingu íþróttamannvirkja hér á Höfn nú eins og áður og forgangsröðun þeirra.

Ljóst er að umfang slíkra verkefna er með þeim hætti að ekki er hægt að verða við óskum allra og dreifa þarf verkefnum jafnvel á allmörg ár. Forgangsröðun er því mikilvæg og skiptir höfuðmáli þegar ráðist er í stórtækar framkvæmdir.

Hér eru um hærri kostnaðartölur og stærri framkvæmdir en við eigum að venjast, má ekki segja „risastórt“ í öllu samhengi. Þess vegna tel ég réttlæt看legt að meiri og ítarlegri kynning fari fram gagnvart íbúum sveitarfélagsins.

Viðhorf og markmið í íþróttastarfi

Viðhorf til íþróttastarfs getur verið mismunandi en mikilvægt að hafa í huga að hvaða markmiðum er stefnt við alla uppbyggingu og þar með við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í störfum mínum fyrir Sindra og víðar hef ég og samstarfsfólk mitt í gegnum tíðina lagt áherslu á uppeldis og forvarnargildi íþróttastarfs og sem mest jafnræði meðal allra þátttakenda í samræmi við gildi sem íþróttahreyfingin hér á landi hefur lagt áherslu á.

Meðan ég var þátttakandi í störfum Sindra var þannig megináhersla á jafnræði og þátttöku allra barna og ungmenna sem voru hlutfallslega stærsti hópur iðkenda. Meistaraflokkar fengu ekki forgang á kostnað yngri flokka, t.d. varðandi æfingar á viðkvæmum grasvöllum. Vissulega hafa tímarnir að sumu leyti breyst og síðari ár hafa komið upp tilvik þar sem farið hefur verið í óvarlegar „fjárfestingar“ til að ná árangri sem skila sér ekki endilega í betra félagi eða betri árangri til lengri tíma.

Það voru ekki allir sammála þegar ég lagði til á áttunda áratugnum að leggja niður meistaraflokk karla í knattspyrnu tímabundið og hefja markvisst uppbyggingarstarf með því að senda yngstu flokkana á Íslandsmót (þá var voru ekki önnur mót í boði) og trappa okkur svo „upp“. Allt gekk þetta vel þrátt fyrir að engin boðleg aðstaða væri til staðar. Þetta nefni ég hér til að undirstrika að baráttan um betri aðstöðu lýkur aldrei því tímarnir breytast og kröfurnar aukast ásamt misjöfnum áherslum þátttakenda og forystufólks.

Þegar áður nefndum áherslum og markmiðum er náð má fara að huga að árangri, skoruðum mörkum, stigasöfnun og sigrum. Reynsla mín bæði í störfum hér heima í uppbyggingarstarfi hjá Sindra og hjá FH í Hafnarfirði sýndi að með þessum áherslum fylgdi góður árangur bæði í kappleikjum og ekki síður í félagsstarfinu og viðhorfi foreldra til starfsins og félagsins. Árangurinn kom svo af sjálfum sér svo eftir var tekið.

Í dag er mikil umræða í þjóðfélaginu um vandamál barna og ungmenna og spurt er, hvað er til ráða? Þess vegna er tilefni til að undirstrika að íþróttir eru sannarlega ein besta forvörn barna og ungmenna á mörgum sviðum eins og rannsóknir og kannanir staðfesta. Þegar stórhuga framkvæmdir eru í undirbúningi er áhugavert að skoða málið út frá þessum þáttum og áherslum.

Stórhuga framkvæmdir og forgangsröðun

Ástæða þess að ég nefni þessi atriði er að ég staldraði við þegar ég fór yfir stöðuna á fyrirhuguðum framkvæmdum vegna íþróttamannvirkja, eins og þær birtast í gögnum (tillögum) á heimasíðu sveitarfélagsins. Við þá yfirferð kom upp í hugann hvort nægilegt tillit væri tekið til aldursþópa á viðkvæmasta aldurs skeiði; þ.e. unglínganna þar sem hættan á brottfalli úr íþróttum er mest en það á ekki síður við ef aðstæður eru ekki góðar.

Áform um uppbyggingu íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélagsins nú eru stórhuga og miklir fjármunir í húfi. Eins og áður sagði gleðst ég yfir áhuga fólks á að bæta umrædda aðstöðu og tek undir það en það hlýtur að vera verkefninu til hagsbóta og framdráttar að ræða forgangsröðun og að skoða málið frá öllum hliðum.

Hvar kreppir skórin helst?

Knattspyrnan, sem er nánast heilsárs keppnisgrein í dag, hefur ágætis æfingaaðstöðu í Báranni en takmarkaða aðstöðu til að æfa og keppa á löglegum velli nema um fjóra sumarmánuði á ári. Við þessar aðstæður þurfa flokkar stundum að leika sína heimaleiki á útivöllum fyrir austan eða á suðvesturhorninu nema yngstu flokkarnir sem spila minnibolta. Til að átta sig á hverjir það eru sem þurfa að leggja á sig þetta auka álag skoðaði ég samsetningu meistaraflokka karla og kvenna á síðustu leikskýrslum í haust. Þar koma áhugaverðar upplýsingar í ljós.

Í meistaraflokki kvenna voru skráðar 15 stúlkur sem allar tóku þátt í leiknum. Þar af voru 11 stúlkur 20 ára og yngri. Alls voru 13 stúlkanna uppaldar í Sindra og aðeins tvær erlendar stúlkur til að styrkja hópinn sem var nauðsynlegt til að halda liðinu út allt mótið. Margar þessara stúlkna leika líka í 3. flokki þar sem hluta af heimaleikjum þeirra þarf líka að leika á útivöllum með öllum þeim kostnaði og álagi sem löngum ferðalögum fylgja.

Í meistaraflokki karla voru 18 leikmenn á skýrslu. Þar af voru 12 drengir 20 ára og yngri sem allir nema einn tóku þátt í leiknum. Af þessum 18 leikmönnum voru 13 uppaldir í Sindra.

Auðvitað eru fleiri þátttakendur í þessum flokkum en skráðir eru á þessar leikskýrslur.

Þegar staða íþróttaflokkanna er borin saman þá má sjá að ungu stúlkurnar og drengirnir í fótboltaum sem tekin eru sem dæmi:

- Eru fjölmennustu aldursflokkarnir.
- Eru á viðkvæmasta aldrinum varðandi brottfall.
- Þurfa að leggja mest á sig, eins og aðstæður eru í dag, til að taka þátt í íþrótt sinni.
- Eru á margan hátt viðkvæmustu aldurshóparnir sem hlúa þarf að og veita hvatningu m.a. með tilliti til forvarnarmála og þar með samfélagslegra þátta.

Hver á forgangsröðunin að vera?

Til að rökstyðja hugleiðingar mínar gef ég mér samkvæmt tillögunum að íþróttahús kosti um 3 milljarða (plús-mínus) og tek ekki allan stóra pakkann um 4 milljarða. Væntanlega verður þá ekki mikið framkvæmt í íþróttamálum næstu árin. Ég geri mér fulla grein að íþróttahús þjónar mörgum íþróttagreinum en það má um leið benda á að með núverandi aðstöðu hefur fólk leyst málin.

Mér segja kunnugir úr knattspyrnuhreyfingunni að gervigrasvöllur kosti um 400 m.kr. (plús – mínus) og um 450 m.kr. með ljósum. Hér er jafnvel um sjöfaldan mun að ræða.

Ég gef mér það að hönnun íþróttahússins taki ákveðinn tíma og framkvæmdir hefjist ekki alveg á næstunni vegna þess.

Það eru aftur á móti tilbúna hönnunarteikningar vegna gervigrasvalla sem búið er að leggja um allt land síðustu ár og væri væntanlega hægt að byrja fljótlega á slíkum velli.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið má spyrja að ef forgangsröðunin er sú að íþróttahúsið, sem er stærsta og kostnaðarsamasta framkvæmdin í heildar pakknum þ.m.t. þau sem eru neðanmáls á tillögu C, er sett fremst í röðina þá gætu önnur verkefni frestast um mörg ár. Þá gætu m.a. stór hópur ungmenna sem ég hef nefnt og eru á viðkvæmasta aldrinum þurft að búa áfram við mjög krefjandi aðstæður til lengri tíma. Ég tel fullt tilefni til að minna á stöðu þessa fjölmenna aldurshóps sem er svo mikilvægur og að hugað sé að því að hlúa að þeim og búa þeim hvetjandi og viðunandi aðstæður.

Ef t.d. gervigrasvöllur kemur á undan íþróttahúsi þá gæti húsið hugsanlega frestast um einhvern tíma, verum bjartsýn og segjum eitt til tvö ár, en sú vinna sem hefur farið fram verður í fullu gildi og íþróttahúsið mun rísa.

Nú verð ég að játa að ég hef ekki upplýsingar um hvaða fjármagn sveitarfélagið telur sig hafa næstu ár til framkvæmda og til uppbyggingar íþróttamannvirkja. Reynslan sýnir okkur að eftir dýrar framkvæmdir t.d. eins og sundlaugina frestast aðrar um mislangan tíma.

Í mínum huga er þetta einfalda myndin og er að sjálfsögðu tilbúinn að hlusta á öll rök í málinu.

Í þessu samengi er einnig eitt tæknilegt atriði sem áhugavert er að minnst á. Það varðar jarðvegsskipti vegna mögulegra framkvæmda. Þannig er ekki ljóst af fyrirliggjandi gögnum hvort skoðað hafi verið eða metið af hönnuðum og öðrum sérfræðingum hvort heppilegt væri að grundun þessara framkvæmda (vegna íþróttahúss og gervigrass) á vallarsvæðinu væri framkvæmd um leið. Mér finnst áhugavert að heyra álit á því.

Virkur þáttakandi í umræðunni

Ég geri ráð fyrir að það þekki ekki allir bakgrunn minn og þess vegna tel ég rétt að minnast á afskipti mín varðandi sambærileg málefni.

Þar nefni ég að ég hef verið virkur þátttakandi í umfjöllun um þessi málefni lengi og víða m.a. að ég var t.d. fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefnd forsætisráðuneytisins um stefnumótun í málefnum barna og ungmenna og sömuleiðis „Íþróttavæðum Ísland - aukin þátttaka - breyttur lífsstíll“ stefnumótun á vegum menntamálaráðuneytisins þar sem fjallað var m.a. um íþróttamannvirki og skipulag íþróttahreyfingarinnar. Sat í stjórn KSÍ í mörg ár þar sem mikið var rætt um íþróttamannvirki og hafði frumkvæði að mörgum breytingum sem eru í gildi í dag sérstaklega sem sneru að börnum og ungmennum. Í þessum nefndarstörfum hafði ég þessi sömu sjónarmið að leiðarljósi varðandi uppeldislegt gildi íþróttastarfsins. Þetta eru enda gildi sem almennt er lögð áhersla á í starfsemi íþróttahreyfingarinnar hér á landi. Í því sambandi má benda á að áherslur ÍSÍ í forvarnarmálum eru einkum að hlúa að unglíngum í íþróttastarfi og stuðla að aukinni og almennri þátttöku þeirra. Þar gegnir aðstaða og aðbúnaður mikilvægu hlutverki.

Að lokum og í framhjálaupi nefni ég að ég á alveg eins von á að fólk telji mig hlutdrægan og hafi eingöngu áhuga á fótbolta. Mér til varnar þá fullyrði ég að íþróttááhugi minn nær yfir flestar greinar enda hef ég keppt í, auk fótboltans, körfubolta með Sindra, ÍR og Haukum og frjálsíþróttum fyrir Sindra og USÚ og aðeins í golfi. Jafnframt hef ég þjálfað og leiðbeint í öllum aldursflokkum meira og minna í þessum greinum nema golfinu.

Ég hef alla tíð hvatt börn og unglínga til að reyna sig í sem flestum greinum sem boðið er upp á og finna sína hillu á réttum tíma.

Þau sjónarmið og hugleiðingar sem hér hafa verið rakin eru eingöngu settar fram undir jákvæðum formerkjum og af áhuga á málaflokknum sem á ekki að koma neinum á óvart en einnig með von um að vandað verði til verka og lagt mat á allar hliðar málsins áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar við frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja og forgangsröðun þeirra.

Með vinsemd og virðingu,
Albert Eymundsson